

Ed.

1043. Nefndarálit

[205. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haldið áfram umræðu um málið eftir að hún skilaði sameiginlegu nefndaráliti og fengið að nýju á fund sinn þá dr. Jóhannes Nordal og Davíð Ólafsson seðlabankastjóra til að skýra nánar þá stefnu Seðlabankans að binding sparifjár skyldi fara minnkandi og hve ört mætti vænta þeirra breytinga.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Sturla Böðvarsson hafa fyrirvara sem m.a. felst í óánægju með orðalag 8. gr., 9. gr. og 41. gr. frv. þar sem sjálfstæðismenn hafa orðið að teygja sig óhæfilega langt til samkomulags við samstarfsflokkinn. Þeir hafa þó ákveðið að styðja frumvarpið enda gefst tækifæri til breytinga á komandi hausti þar sem gildistökutími er 1. nóvember n.k. Þar að auki meta þeir mikils yfirlýsingar stjórnenda Seðlabankans um þá stefnu að bindiskylda fari lækkandi og yfirlýstan vilja viðskiptaráðherra í því efni. Þá fagna þeir þeirri yfirlýsingu Seðlabankans varðandi 8. gr., sem getið er í nefndaráliti á þskj. 1019 og Jóhannes Nordal orðaði þannig að „skilgreiningin ráðstöfunarfé væri erfið og bankinn mundi aldrei beita henni“. Jafnframt fagna þeir sérstaklega eftirfarandi yfirlýsingu sem stjórnendur Seðlabankans lögðu fram í nefndinni í dag.

„Peningamarkaðurinn hefur verið að þróast ört í frjálsræðisátt hér á landi undanfarin tvö ár. Þetta gefur færi á að draga úr beinum hömlum á útlánastarfsemi bankanna, svo sem innlánsbindingu sem þegar hefur verið lækkuð úr 28% í 18%. Bankastjórn Seðlabankans mun leggja áherslu á að þessi þróun haldi áfram svo ört sem markaðsaðstæður og ytri skilyrði leyfa. Væntanlega verður unnt að taka umtalsverð skref til lækkunar á innlánsbindingu síðar á árinu.“

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá neðri deild að öðru leyti en því að samþykkt verði breytingartillagan við 8. gr. sem viðskiptaráðherra hefur flutt.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Egill Jónsson.

Jón Kristjánsson.

Sturla Böðvarsson.